

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Garðabær, 21. október 2025
202509-0075/A.B.
08.02

Efni: Umsögn – Tillaga - Deiliskipulag - Laxabraut 5 Fiskeldi - Sveitarfélagið Ölfus.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 11. september 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöð að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn.

Deiliskipulagstillagan tekur til 3,4 ha svæðis á iðnaðarsvæði l1 samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins og felur í sér heimild til reksturs fiskeldisstöðvar og tengdrar starfsemi á lóðinni að Laxabraut 5 (L172017). Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulagsins sé að festa í sessi núverandi starfsemi og heimila áframhaldandi eldi á laxaseiðum og bleikju með 900 tonna hámarkslífmassa, í samræmi við gildandi starfs- og rekstrarleyfi.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að hraunið á svæðinu nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Mikilvægt er að ofnagrent komi fram í greinargerð tillögunnar.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruvirkbærinum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og

lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúru-minjanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Fuglalíf og strandsvæði

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur ekki fram sérstök umfjöllun um fuglalíf eða lífríki fjöru og strandsjávar. Í matsskylduskýrslu Verkís (október 2021) er vísað til þess að fjöru við Þorlákshöfn séu brimasamar og að fuglalíf sé þar fábreytt vegna aðstæðna, en ekki liggja fyrir nýjar upplýsingar eða rannsóknir á fuglalífi á eða við áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Í greinargerð deiliskipulagsins segir að dauður fiskur og slóg verði geymt í lokuðum meltutanki innan lóðar, meðal annars til að verjast ágangi fugla og annarra dýra. Slík tilhögun er jákvæð og dregur úr líkum á því að fuglar laðist að svæðinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að strandsvæði við Þorlákshöfn getur myndað vistkerfi þar sem fjölmargar tegundir fugla nýta svæðið til fæðuöflunar og hvíldar, meðal annars æðarfugl, máfa og vaðfugla. Slíkt fuglalíf getur verið viðkvæmt fyrir auknu álagi vegna frárennslis, næringarefna eða breytinga á botnlífi í viðtaka.¹ Náttúruverndarstofnun bendir á að við Selvog sem er mun vestar er fjölbreytt fuglalíf.²

Nokkur fiskeldisfyrirtæki eru á svæðinu og fyrirhuguð í framtíðinni og því er mikilvægt að meta samlegðaráhrif framkvæmda og starfseminnar á fuglalíf eins og aðra umhverfisþætti.

Stofnunin telur því mikilvægt að í vöktunaráætlun fyrir frárennslis og viðtaka verði tekið sérstaklega tillit til hugsanlegra áhrifa á fuglalíf í strandsjó og fjöru, m.a. með mati á breytingum á botndýralífi og næringarefnainnihaldi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri

¹ <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/gryttar-fjorur>

² <https://www.natt.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudurland/selvogur>

